

Efni:

Ósk um kostnaðarpáttöku við nýja girðingu og hlið umhverfis Ólafsvallakirkjugarð.

Sóknarnefnd Ólafsvallasóknar hefur á undanförunum árum staðið í miklum framkvæmdum til að laga og fegra kirkjuna. M.a er búið er að skipta um alla glugga, gera við fótstykkið og skipta um alla klæðningu kirkjunnar. Í kirkjugarðinum er búið að fella mikið af trjám, endurnýja stéttina að kirkjunni og setja lýsingu meðfram henni ásamt því að nú eru ljós sem lýsa kirkjuna upp þegar dimma fer. Það skiptir miklu máli að aðkoman að kirkjunni sé falleg, rétt eins og öll umhirðan, og eins er mjög mikilvægt upp til sveita að skepnur komist ekki inn í kirkjugarðinn þegar þær fara óvart á flakk, eins og getur gerst.

Nú er svo komið að grindverkið umhverfis Ólafsvallakirkjugarð er svo fúíð að ekki verður lengur hægt að bíða með að endurnýja það. Fyrir utan hvað grindverkið er orðið ljótt þá eru komin mörg göt á það og því auðvelt fyrir skepnur að læðast þar inn.

Sóknarnefnd óskar hér með eftir kosnaðarpáttöku sveitarfélagsins við endurnýjun á grindverkinu. Búið er að fá tilboð í efnið sem þarf í þessar framkvæmdir sem hljóðar uppá 1.500.000. Við áætluðum að vinnuliðurinn sé annað eins eða um 1.500.000. Við gerum ráð fyrir að hægt sé að nota alla járnstaurana sem voru steypdir niður á sínum tíma en að skipta þurfi út öllu timburverkinu. Einnig þarf að smíða og laga hliðin inni garðinn.

Samkvæmt lögum er gert ráð fyrir að sveitarfélag leggi til efni í girðingu þegar verið er að setja upp girðingu umhverfis kirkjugarð en sjái ekki um viðhald enda hefur sóknarnefnd aðfarið séð um það. Þarna er um alveg nýja girðingu að ræða því eins og hefur komið fram er hún alveg ónýt.

Sóknarnefnd sækir því um styrk til sveitarfélagsins fyrir efninu sem þarf í framkvæmdina.

Sóknarnefnd mun einnig sækja um styrk til kirkjugarðasjóðs fyrir vinnuliðnum í þessu verkefni.

Meðfylgjandi eru lög um kirkjugarða og viðmiðunarreglur kirkjugarðaráðs og sambandsins.

Með von um jákvæð og góð viðbröggð við þessu erindi
Sóknarnefnd Ólafsvallakirkju.

Jóhanna Valgeirsdóttir, Ásmundur Lárusson og Harpa Dís Harðardóttir